

Rekstur mótuneytis Skaftárhrepps

**Verðkönnun
Lýsing og tilboðsskrá**



Janúar 2021



1. Almenn

Skaftárhreppur óskar eftir tilboðum í rekstur mötuneytis Skaftárhrepps sem þjónustar stofnanir á vegum sveitarfélagsins. Tilboði skal skilað á skrifstofu Skaftárhrepps eða á netfangið sveitarstjori@klaustur.is, eigi síðar en kl. 11:00 miðvikudaginn 3. febrúar 2021 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Beiðni um viðveru skal tilkynnt með sólarhringsfyrirvara svo hægt verði að gæta viðeigandi sóttvarna. Öll einingarverð í tilboði skulu miðast við heildarverð í íslenskum krónum með virðisaukaskatti og eru þau bindandi fyrir tilboðið. Skaftárhreppur áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum, að sama skapi eru þau ekki bindandi fyrir verktaka fyrr en samningur hefur komist á.

1.1 Verkkaupi og gildistími samnings

Verkkaupi;

Skaftárhreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur
kt. 480690-2069

Gildistími samnings er 1 ár með möguleika á framlengingu. Tímabilið sem verktaki skal vera reiðubúin til að taka við rekstri er 1. mars nk.

Umsjónaraðili verkkaupa er Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps og veitir hún jafnframt nánari upplýsingar um verkið. Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið sveitarstjori@klaustur.is.

2. Greiðslur og verðlagsákvæði

Greiðslur fyrir rekstur mötuneytis fara fram mánaðarlega samkvæmt reikningi verktaka miðað við heildarkostnað samkvæmt tilboði. Allar breytingar á fjölda þjónustuþega frá þeim tíma skulu miðast við verð pr. matarskammt. Reikningar verða ekki verðbættir á fyrsta ári samnings. Í byrjun annars árs samnings reiknast verðbætur samkvæmt vísitölu neysluverðs.

3. Vinnusvæði

Bjóðandi getur hvort sem er nýtt aðstöðu og búnað sem er í Kirkjubæjarskóla á Síðu til matseldar eða sína eigin séu til staðar viðeigandi starfsleyfi. Eldhús til framreiðslu og matseldar er einnig til staðar á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum. Bjóðandi skal hafa bíl til umráða til að annast matvælaflutninga til stofnanna eins og við á.

4. Verksvið, gæða- og nákvæmniskröfur

Gerð er krafa um að rekstraraðili sé með menntað starfsfólk í matreiðslu og/eða sem hefur mikla reynslu og þekkingu við matseld og framreiðslu. Samsetning og þarfir þjónustuþega mötuneytisins eru fjölbreyttar, allt frá ungbörnum frá 9 mánaða og upp úr. Rekstraraðili þarf að geta komið til móts við sérþarfir varðandi fæðuofnæmi/óþol og sérvinnslu matarskammta í samráði við forstöðumenn stofnanna sveitarfélagsins. Krafa er gerð um að samsetning matarskammta taki mið af ráðleggingum frá embætti Landlæknis um mataræði. Sjá nánar á vefsíðu embættis Landlæknis www.landlaeknir.is.

Hér fyrir neðan eru upplýsingar um núverandi þjónustuþörf stofnanna sveitarfélagsins ásamt dæmum um samsetningu máltíða sem bjóðandi skal miða við í tilboðsgerðinni;



Grunnskóli Kirkjubæjarskóla á Síðu

- Fjöldi grunnskólabarna 37 og 11 starfsmenn
- Grunnskóli starfar 180 daga hvert skólaár á tímabilinu ágúst til júní þar að auki eru 13 starfsdagar þar sem eingöngu starfsmenn eru í mat.
- Kl. 10:00 Morgunhressing; td. morgunkorn, súrmjólk, hafragrautur, brauð, álegg og ávextir
- Kl. 12:25 Hádegismatur
- Kl. 14:25 Síðdegishressing; td. ávextir og hrökkkex

Í Kirkjubæjarskóla á Síðu skal rekstraraðili sjá um framreiðslu allra máltíða ásamt frágangi og þrifa á matsal.

Heilsuleikskólinn Kæríbær

- Fjöldi barna 35 og 10 starfsmenn
- Leikskóli er starfandi allt árið að undanskildum 4 vikum að sumri
- Morgunhressing; td ávextir
- Kl. 11:30 Hádegismatur
- Síðdegiskaffi; mjólk, brauð, álegg og ávextir

Leikskólinn sér sjálfur um framreiðslu og frágang allra máltíða. Hádegismáltíðir þurfa að koma fullbúnar en þó ekki í aðskildum matarbökkum. Rekstraraðili sér um að útvega hráefni fyrir aðrar máltíðir leikskóla í samræmi við óskir leikskólastjóra.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar

- Fjöldi matarskammta er ekki sá sami fyrir allar daga og máltíðir á Klausturhólum þar sem fjöldi starfsmanna er mismunandi á milli dag-, kvöld- og helgarvakta. Á virkum dögum skal reikna með 34 matarskömmtum í morgunmat, morgunhressingu, hádegi, og síðdegiskaffi en 23 matarskömmtum í léttan kvöldverð og kvöldkaffi. Um helgar og á rauðum dögum skal reikna með 28 matarskömmtum í morgunmat, morgunhressingu, hádegi, og síðdegiskaffi en 23 matarskömmtum í léttan kvöldverð og kvöldkaffi.
- Klausturhólar þurfa þjónustu alla daga allt árið um kring
- Morgunmatur; hafragrautur, ávextir (ferskir og þurrkaðir), súrmjólk, morgunkorn og mjólk
- Morgunhressing; safi, næringardrykkir
- 12:00 Hádegisverður
- 15:00 Síðdegiskaffi; brauðmet og álegg, sætabrauð, kaffi, mjólk, te, kakó
- Síðdegishressing; safi, næringardrykkir
- 18:00 Léttur kvöldverður; td. súpur eða grautar með brauði
- Kvöldkaffi; td. ávextir, kex og mjólk

Á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum skal rekstraraðili sjá um matseld og framreiðslu eftirfarandi máltíða; Hádegisverður, síðdegiskaffi og léttur kvöldverður. Rekstraraðili skal útvega hráefni og hafa tilbúið fyrir aðrar máltíðir í samræmi við óskir hjúkrunarforstjóra.



Aðrar stofnanir

- Aðrir starfsmenn 15 sem tilheyra íþróttamiðstöð, viðhaldsdeild og skrifstofu sveitarfélagsins
- Virkir dagar allt árið
- Hádegismatur

Aðrar upplýsingar

Rekstraraðili skal sjá um framreiðslu í mötuneyti grunnskólans fyrir grunnskólabörn og starfsmenn og í eldhúsi Klausturhóla fyrir íbúa og starfsmenn, ásamt því að keyra út matvæli til viðeigandi stofnana eftir því sem við á. Einnig skal rekstraraðili sjá um þrif á ofangreindum matsölum og eldhúsaðstöðu hvort sem hún er notuð til matseldar og/eða framreiðslu. Ekki er gert ráð fyrir að matarskammtar séu afhentir stofnunum í matarbökkum heldur skammtað á diska þar sem það á við.

Rekstraraðili þarf einnig að geta sýnt sveigjanleika og brugðist við tilefnum eins og árshátíðarkaffi grunnskólans, sumarhátíð leikskólans, afmælum hjá íbúum Klausturhóla osfrv samkvæmt samkomulagi við viðeigandi stofnanir.

Tilboðin skulu annars vegar miðast við áætlaðan heildarrekstur mötuneytis frá 1. mars – 28. febrúar m.v. ofangreint fyrirkomulag. Hins vegar skal gera tilboð þr matarskammt sjá tilboðsblað til viðmiðuna

Tilboðsblað:

Rekstur mótuneytis Skaftárhrepps frá 1. mars – 28. febrúar

- Heildarkostnaður fyrir ofangreint tímabil; _____ kr
- Lýsing bjóðanda á fyrirhugaðri þjónustu (staðsetningu matseldar, framreiðsla, flutningur matvæla til stofnanna osfrv.);

- **Tilboð pr. matarskammt skv. eftirfarandi;**

Tilboð pr. matarskammt	Heilsuleikskólinn Kæribær	Kirkjubæjarkskóli á Síðu	Hjúkr.- og dvalarh. Klausturhólar	Aðrir
Morgunverður	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við
Morgunhressing				Á ekki við
Hádegisverður				
Síðdegishressing	Á ekki við			Á ekki við
Síðdegiskaffi		Á ekki við		Á ekki við
Léttur kvöldverður	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við
Kvöldkaffi	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við

- **Dæmi um matseðla**

Einnig skal skila inn dæmi um matseðil fyrir grunn- og leikskóla miðað við 5 virka daga frá mánudegi til föstudags og 7 daga matseðli frá mánudegi til sunnudags fyrir Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla.

Staður

Dagsetning

Verktaki

Kennitala bjóðanda

Tengiliður bjóðanda

Sími